

Heiti áfanga: DANS2AH05

Titill: Grunnáfangi í dönsku

Prep: .

Staða áfanga: Kjarnaáfangi á öllum brautum.

Undanfarar: Grunnskólapróf í dönsku með B+ eða A.

Kennsla: Kennt er 3 klukkustundir á viku. Gert er ráð fyrir að nemendur sinni námi heimi og sýni sjálfstæð vinnubrögð. Áfanginn er kenndur bæði á haustönn og vorönn, ef næg þátttaka fæst.

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: DANS2BB05, DANS2BY03, DANS2BK05

Stutt lýsing á efni áfangans: Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sjálfsmat og nemendur kynnist leiðum til að afla sér meiri dönskukunnáttu fyrir utan hefðbundnar kennslustundir. Mismunandi lestraraðferðir eru notaðar ásamt ritun og þjálfun í munnlegri tjáningu.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Almennur orðaforði, lestur og skilningur á smásögum, rauntextum, blaðagreinum og myndefni. Viðfangsefnin tengjast danskri nútímamenningu, almennri þekkingu og sérhæfðri eftir áhugasviði nemenda. Nemendur eiga að geta tjáð sig munnlega og skriflega um almenn málefni og það efni sem verið er að fást við hverju sinni, ásamt því að taka afstöðu með rökstuðningi.

Námsmat: Áfanganum lýkur með lokaprófi sem gildir 50% af lokaeinkunn. Skrifleg og munnleg verkefni á önninni gilda 50% af lokaeinkunn.

Námsefni:

Glimt eftir Randi Benedikte Brodersen, Brynju Stefánsdóttur og Jens Monrad, IDNÚ 2015.

Textar og verkefni sem fást hjá kennara og eru aðgengileg á INNU.

Lærkevej -Serie 1. Sjónvarpsþáttur í leikstjórn Kasper Gaardsøe.

Grammatik. Málfræðibók sem er aðgengileg á netinu.